



Til bæjarráðs

Kópavogi, 17. mars 2025
25031774/502.01 ÁAK

Efni: Drög að skilmálum vegna þriðju úthlutunar í Vatnsendahvarfi

Meðfylgjandi eru drög að skilmálum vegna lóðarúthlutunar í þriðja áfanga í Vatnsendahvarfi. Drögin eru lögð fram til yfirferðar og samþykkis bæjarráðs.

Um er að ræða síðustu úthlutun íbúðahúsalóða í þessu nýja hverfi. Leitað verður tilboða í einbýlishúsa, - raðhúsa, parhúsa-, og fjölbýlishúsalóða. Líkt og í fyrri úthlutunum er lagt til að hver tilboðsgjafi geti að hámarki fengið tveimur lóðum úthlutað, óháð tegund, en þó er aðeins eina einbýlishúsalóð. Áfram er lagt til að bæði einstaklingar og lögaðilar geti boðið í par- og einbýlishúsalóðir en aðeins verði tekið við tilboðum frá lögaðilum í raðhúsalóðir, klasahús og fjölbýli.

Úthlutun annars áfanga lauk 20. febrúar sl. og er verið að vinna úr þeim tilboðum sem bárust. Tillögur að úthlutun lóða undir fjölbýlis- og klasahús liggur fyrir þessum fundi. Stefnt er að því að leggja tillögur að úthlutun parhúsalóða og einbýlishúsalóða fyrir á næsta fundi bæjarráðs.

Tímalína vegna þriðju úthlutunar er áætluð eftirfarandi:

- Úthlutunarskilmálar lagðir fyrir bæjarráð 20. mars
- Auglýsingar hefjast 27. mars
- Útboð fer í auglýsingu í Tendsign 3. apríl og stendur til 8. maí
- Stefnt er á að úrvinnsla liggi fyrir og verði kynnt í bæjarráði 5. júní

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarritara

Ása A Kristjánsdóttir
yfirlögfræðingur

